



Safnasamningurinn

Samkvæmt höfundalögum nr. 72/1973 ber söfnum og öðrum notendum myndverka að greiða fyrir birtingu á safnkosti sínum á veraldarvefnum. Samkvæmt sömu lögum ber söfnum einnig að fá heimild höfunda og greiða fyrir aðra notkun myndverka við starfsemi sína, svo sem birtingu myndverka í bókverkum, á póstkortum, veggspjöldum eða öðrum varningi. Undanþágu má finna í 25. gr. höfundalaga, er tekur á birtingu myndverka á sýningum listasafna er almenningur hefur aðgang að, í sýningarskrá, og í áþreifanlegri safnmunaskrá aðgengileg innan veggja safnsins.

Þann 20. desember 2018 var svokallaður safnasamningur undirritaður annars vegar milli Myndstefs og Þjóðminjasafns Íslands og hins vegar milli Myndstefs og Listasafn Íslands. Samningurinn ber heitið „**Samningur um eintakagerð og stafræna birtingu á afritum af safnkosti úr rafrænum safnmunaskrá**“.

Öðrum söfnum ber kostur á að undirrita sams konar samning við Myndstef.

Hér á eftir koma upplýsingar um þennan nýja samning, tildrög, markmið og efni.

Tildrög

Lengi hefur staðið til að koma á skýrum, hagkvæmum og skilmerkilegum reglum, samningum eða vinnuaðferðum við opinbera birtingu safna á safnmunaskrá. Verkefnið sarpur.is sem og köllun almennings eftir greiðari aðgengi að íslenskri listasögu og fræðslu þess efnis, hefur ýtt mjög undir þá nauðsyn að greiða fyrir þessi not þannig að það verði söfnum ekki of mikil fjárhagsleg byrði. Eins hafa myndlistarmenn verið að kalla eftir bættum kjörum og m.a. staðið fyrir áttakinu „Við borgum myndlistarmönnum“ sem hvetur söfn og aðra stórnotendur myndlistarverka að greiða bæði vinnuframlag og fyrir höfundarétt/sýningarrétt myndhöfunda. Að lokum hafa lög og reglur verið óskýrar hvað þetta varðar. Það hefur því reynst þrautinni þyngri að feta þennan mikilvæga meðalveg - að leyfa endurbirtingu safneignar en á sama tíma tryggja réttindi listamanna - og hefur tekið hátt í 10 ár að reyna að finna lausn á þessu máli.

Miklar breytingar hafa orðið á síðustu árum, en hæst má þar nefna að ráðuneytið skilaði inn álit til Myndstefs og Hafnarborgar um túlkun 3.mgr. 25. gr. höfundalaga. Þar var vísað til greinargerðar með lögnum og tilgangs þeirra er þau voru sett. Ljóst var af álit ráðuneytisins að umtöluð not væru gjaldskyld og þau féllu ekki undir undanþáguákvæði 3. mgr. 25. gr. höfundalaga. Eins var íslenskum höfundalögum breytt í júní 2016, sem heimilaði höfundaréttarsamtökum að gera svokallaða heildarsamninga byggða á samningskvöð við söfn, skv. 12. gr.b., sbr nánari skilyrði um samningskvaðaleyfi sem tilgreind eru í 26. gr. a. Ákvæðið er orðrétt:

■ [12. gr. b.

- Söfn sem falla undir 1. mgr. 12. gr. hafa heimild til að gera eintök af birtum verkum í safni sínu og gera þau aðgengileg almenningi að fullnægðum skilyrðum um samningskvaðaleyfi skv. 26. gr. a.] ¹⁾



Það spilaði einnig sterkt inn í að höfundaréttarsamtök á Norðurlöndunum hafa flest öll samninga við sín söfn, annað hvort í gegnum sveitarfélögin, ríkið eða söfnin sjálf. Það sem ýtti svo samningaviðræðum endanlega á flug var að meðfram heimild safnanna til birtingar safnskots yrði í samningnum einnig sett viðbótarheimild til handa skólum, menntastofnunum og öðrum fræðslustofnunum til að nýta birt verk að einhverju leiti.

Vorið 2018 var vinnuhópur skipaður er samanstóð af Ragnari Th. Sigurðssyni formanni Myndstefs, Ágústu Kristófersdóttur forstöðukonu Hafnarborgar, Þóru Björk Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra safnaráðs og Hörpu Þórsdóttur, safnstjóra Listasafns Íslands. Hópurinn skilaði fullbúnum samningi og gjaldskrá haustið 2019, sem var einnig sent Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til yfirlestrar. Þann 20. desember var samningurinn svo undirritaður. Eftirfarandi aðilar undirrituðu samningana: Lilja Alfreðsdóttir, Mennta- og menningarmálaráðherra, Ragnar Th Sigurðsson, formaður Myndstefs, Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands og Margrét Hallgrímsdóttir Þjóðminjavörður.

Markmið og efni samningsins

Markmið samningsins er að koma á skýrum, einföldum og samræmdum skilmálum og verðskrá fyrir eintakagerð og birtingu safna. Einnig er samningnum ætlað að veita aðgengi að menningararfi þjóðarinnar til kynningar, menntunar og fræðslu til skóla og almennings.

Með samningum veitir Myndstef safni leyfi til eintakagerðar og til að gera safnkost aðgengilegan með stafrænum hætti, sbr. 12. gr. b höfundalaga. Samningurinn nær til verka í safnkosti safnsins eftir íslenska höfunda. Athugast skal að við birtingu á afritum safnskots skal safnið geta nafns höfundar verksins og þeirrar heimildar sem notuð er og einnig leitast við að auðkenna afritin með vatnsmerki þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: Tilgreining safnsins, aðfanganúmer, höfundur ef við á og þess getið að myndin sé í höfundarétti. Að lokum skuldbindur safnið sig til að hafa texta sýnilegan á þeim stað er afrit safnskots eru birt, en textinn er tilgreindur í 4.2. gr. samningsins bæði á íslensku og ensku.

Í samræmi við tilgang samningsins getur almenningur nýtt sér birtingu til einkanota í samræmi við höfundalög, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi.

Einnig felst í samningnum réttur fyrir skóla og aðrar menntastofnanir til þess að nýta sér þau stafrænu eintök sem safnið birtir, í kennslu og í fræðsluskyni. Um er að ræða undanþágu á meginreglu höfundaréttar og hana skal skýra þröngt, en um er að ræða stafræn endurnot og sýningarrétt til kennslu, fræðslu og fyrirlestra, en ekki not í útgáfu, kynningar- eða markaðsefni sem og aðra prentun. Ef menntastofnun vill nota birt verk í útgefið kennsluefni eða sambærilegar útgáfur eða eintakagerð, skal hafa samband við Myndstef eða höfund.



Þóknun vegna nota safnanna verður reiknuð samkvæmt gjaldskrá sem unnin var af vinnuhópnum. Gjaldskráin er sanngjörn og er reiknuð sem eingreiðsla hvers árs, og miðar við stærð safnskots, eðli verka (hversu mikill hluti verka er í vernd) sem og tilgang safns. Hvert safn er flokkað í ákveðinn gjaldflokk og er hægt að nálgast upplýsingar hjá safnaráði eða Myndstef í hvaða gjaldflokk hvert safn fellur. Ef gerður er samningur á þessu ári greiðist einungis 50% af umsaminni gjaldskrá á árinu 2019. Eftir það greiðist fullt verð og gildir samningurinn í 3 ár frá undirritun. Eftir þann tíma framlengist samningurinn um 1 ár í senn, nema honum sé sagt upp skriflega af öðrum hvorum aðilanum með þriggja mánaða fyrirvara fyrir lok viðkomandi framsalstímabils.

**Virðingarfyllt,
Myndstef**

myndstef@myndstef.is

www.myndstef.is